

**Landsréttur**  
06 205

**Ársreikningur 2021**

## **Efnisyfirlit**

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Landsréttur**

**kt. 470717-1060**

**Vesturvör 2, 200 Kópavogur**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Landsréttur er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um dómstóla og er áfrýjunardómstóll. Lögin tóku gildi 1. janúar 2018 og hófst þá eiginleg starfsemi en undirbúningur starfrækslu hófst síðla árs 2017.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 2 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 762,3 milljónir og afkoma kr. -12,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 17,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 137,8 milljónir.

Vísað er til skýringar 12 í ársreikningi fyrir rekstrarárið 2020 þar sem gerð er grein fyrir leiðréttingarfærslu vegna setningar varadómara við Landsrétt að fjárhæð 18,4 m.kr. sem færð var til gjalda á árinu 2021. Er þar að finna helstu skýringu þess að tap varð á rekstri árið 2021. Nægar fjárheimildir frá fyrra ári voru til staðar.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Landsréttar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Landsréttar fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Gunnar Viðar,  
skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	749.600.000	748.300.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	1.823.284	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	10.836.229	12.459.076
<b>Tekjur samtals</b>		<u>762.259.513</u>	<u>760.759.076</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	656.311.816	629.283.776
Annar rekstrarkostnaður .....	5	107.474.267	87.055.277
Afskriftir .....	6	10.836.229	12.459.076
<b>Gjöld samtals</b>		<u>774.622.312</u>	<u>728.798.129</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(12.362.799)	31.960.947
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(18.435)	(4.098)
		<u>(18.435)</u>	<u>(4.098)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>(12.381.234)</u></u>	<u><u>31.956.849</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		44.401.252	54.514.035
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>44.401.252</u>	<u>54.514.035</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	89.311.273	72.443.682
Handbært fé .....	9	4.115.079	4.958.468
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>93.426.352</u>	<u>77.402.150</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>137.827.604</u></u>	<u><u>131.916.185</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		17.565.720	29.946.954
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>17.565.720</u>	<u>29.946.954</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	35.962.544	9.843.290
Víðskiptaskuldir .....		2.224.457	2.708.120
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	49.427.751	48.934.460
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	32.647.132	40.483.361
<b>Skuldir samtals</b>		<u>120.261.884</u>	<u>101.969.231</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>137.827.604</u></u>	<u><u>131.916.185</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(12.381.234)	31.956.849
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	10.836.229	12.459.076
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(10.836.229)	(12.459.076)
		<u>(12.381.234)</u>	<u>31.956.849</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar .....		11.528.217	(34.543.382)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		9.628	1.831.317
		<u>11.537.845</u>	<u>(32.712.065)</u>
		<u>(843.389)</u>	<u>(755.216)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(723.446)	(1.703.313)
		<u>(723.446)</u>	<u>(1.703.313)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		723.446	1.703.313
		<u>723.446</u>	<u>1.703.313</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(843.389)	(755.216)
		<u>4.958.468</u>	<u>5.713.684</u>
		<u>4.115.079</u>	<u>4.958.468</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra líða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

2021 2020

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	749.600.000	748.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	10.836.229	12.459.076
	<u>760.436.229</u>	<u>760.759.076</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	738.600.000	0	0	738.600.000
Millifært úr varasjóð .....	11.000.000	0	0	11.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>749.600.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>749.600.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(761.981.234)	0	0	(761.981.234)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(12.381.234)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(12.381.234)</b>

2021 2020

### 3 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild .....	1.823.284	0
	<u>1.823.284</u>	<u>0</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	534.690.602	511.061.517
Orlof, breyting .....	577.431	1.256.200
Launatengd gjöld .....	118.877.940	114.762.150
Starfsmannakostnaður .....	2.165.843	2.203.909
	<u>656.311.816</u>	<u>629.283.776</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	30,5	31,5
------------------------------	------	------

### 5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.001.872	1.170.403
Byggingarvörur, almennar .....	29.590	146.010
Tæki og búnaður til innréttinga .....	0	68.854
Ýmis tæki og áhöld .....	295.573	700.784
Orkugjafar .....	909.592	1.192.140
Matvæli .....	6.716.840	5.489.846
Almennar rekstrarvörur .....	961.468	1.753.071
Vörukaup, almenn	9.914.935	10.521.108
Kennslu- og föndurvörur .....	0	24.865
Ýmsar sérgreindar vörur .....	116.001	53.096
Vörukaup, sérgreind	116.001	77.961

## Skýringar

	2021	2020
<b>5 Annar rekstrarkostnaður, (frh)</b>		
Fundur, námskeið, risna .....	500.998	559.577
Ferðir, uppihald .....	273.788	346.704
Akstur .....	504.149	348.814
Sérfræðiþjónusta .....	2.251.856	3.242.045
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	27.817	40.229
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	987.954	175.073
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.515.811	2.502.056
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>7.062.373</u>	<u>7.214.498</u>
Afnotagjöld .....	11.102.045	11.491.550
Leigugjöld .....	52.493.454	50.663.651
Notkun véla og flutningatækja .....	0	13.208
Verkkaup .....	8.370.459	7.067.380
Kostnaðarhlutdeild .....	18.415.000	0
Opinber gjöld .....	0	5.921
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>90.380.958</u>	<u>69.241.710</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>107.474.267</u>	<u>87.055.277</u>
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	10.836.229	12.459.076
	<u>10.836.229</u>	<u>12.459.076</u>
	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	44.401.252	54.514.035
	<u>44.401.252</u>	<u>54.514.035</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:		
		<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>
Staða 01.01.2021 .....		92.403.957
Víðbætur á árinu .....		<u>723.446</u>
		93.127.403
Afskriftir 01.01.2021 .....		37.889.922
Afskrift ársins .....		<u>10.836.229</u>
		48.726.151
Staða 31.12.2021 .....		<u>44.401.252</u>

## Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	89.311.273	72.443.682
	<u>89.311.273</u>	<u>72.443.682</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	35.962.544	9.843.290
	<u>35.962.544</u>	<u>9.843.290</u>

### 9 Handbært fé

Tékkareikningar .....	4.115.079	4.958.468
	<u>4.115.079</u>	<u>4.958.468</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 12,1 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2021 31.12.2020

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	29.946.954	(2.009.895)
Afkoma ársins .....	<u>(12.381.234)</u>	<u>31.956.849</u>
Jöfnuður 31.12. ....	<u>17.565.720</u>	<u>29.946.954</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2021 31.12.2020

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	49.427.751	48.850.320
Önnur ógreidd gjöld .....	0	84.140
	<u>49.427.751</u>	<u>48.934.460</u>

## Skýringar

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	44.401.252	54.514.035
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(11.754.120)	(14.030.674)
	<u>32.647.132</u>	<u>40.483.361</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	54.514.035	(14.030.674)	40.483.361
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	3.000.000	3.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	723.446	(723.446)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(10.836.229)	0	(10.836.229)
	<u>44.401.252</u>	<u>(11.754.120)</u>	<u>32.647.132</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 9,2 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

### 13 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði sem er ótímabundinn og nema árlegar greiðslur kr. 55,7 milljónum. Einnig hafa verið gerðir rekstrar- og þjónustusamninga sem flestir eru ótímabundnir og nema árlegar greiðslur kr. 16,3 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru á hvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.